

Stjórnarfundur í síma 19.apríl 2020

Mætt voru : Sveinn Steinarsson, Vignir Sigurðsson, Eysteinn Leifsson, Jón Bjarni Þorvarðarson og Heiðrún Ósk Eymundsdóttir.

1. Frestun LM 2020, og áhrif þess.
2. Stofna til viðburðar þar sem kynbótahross kæmu saman til kynningar á grundvelli sýninga vorsins. Hugsað með svipuðu sniði og kynbótahross á Landsmóti. Ákveðinn fjöldi úr hverjum aldursflokki ætti þáttökurétt og myndi staðfesta sína þátttöku. Einnig stefnt á að afkvæmahestum byðist að koma og veitt yrðu þau verðlaun sem annars hefðu verið veitt á LM 2020. Nú er svolítið spurningin hvernig verður staðið að þessu en, þetta þarfnast undirbúnings, hvað hrossin varðar þá væri það RML eða Þorvaldur sem myndi halda utanum það. Annar undirbúningur felst í að koma því í kring að streyma viðburðinum og skipuleggja þannig að tímaplan sé pottþétt sem er auðvitað mikilvægt gagnvart áhorfi.
Rætt um staðsetningu en eðlilegt talið að horft sé til Hellu ef vilji er hjá þeim að halda viðburðinn. Síðan var rætt hverjir ættu rétt á að mæta á viðburðinn en hugmynd er uppi um að 10 efstu í hverjum flokki komi til sýningarinnar, og einnig að afkvæmahestar mæti en afar mikilvægt er að þeir geti klárað sínar sýningar.
Ýmislegt rætt um hvernig gera má viðburðinn sem mestan og bestan og ein hugmynd sem rædd var er að gera myndskeið/innangang sem sýnt yrði í upphafi sýningarinnar þar sem ræktunarstarfinu yrðu gerð skil með einföldum en skemmtilegum hætti.
3. Þakkarbréf FHB.
4. Tjón eftir erfiðan vetur. Tekið fyrir erindi sem formaður fékk frá framkvæmdastjórn Bændasamtaka Íslands og varðar vetrartjón á girðingum og túnum. Stjórnarmenn munu reyna að kynna sér stöðuna á sínum svæðum eftir föngum en ekki liggur enn fyrir hvernig endanleg staða verður þar sem víða er snjór norðanlands.
5. Önnur mál.